



Fundur háskólaráðs 12. febrúar 2002

Fundargerð

Málsnúmer: HI02010041
Málalyklar: 011 Háskólaráðsfundur, fundargerðir,
dagskrár og framlögð gögn
Eigandi skjals: Jórunn Valdimarsdóttir
Staða: Fært í skjalasafn

Dagsetningar:

Búið til: 11.02.2002 10:03:20
Dags: 12.02.2002

Upplýsingar um viðskiptavin:

Háskóli Íslands, Háskólaráð (600169 2039)
101 REYKJAVÍK
Sími: 525 4302/4303/4041
Fax: 525 4038

4/2002

HÁSKÓLARÁÐSFUNDUR

Ár 2002, þriðjudaginn 12. febrúar var haldinn fundur í háskólaráði sem hófst kl. 9.00.

1. Mál á auglýstri dagskrá

1.1 Tillaga um frestun inntökuprófa í læknadeild skv. breyttri skipan um eitt ár.

Inn á fundinn kom Stefán B. Sigurðsson, varaforseti læknadeildar, og gerði grein fyrir samþykkt fundar fulltrúa í deildarráði og kennsluráði læknadeildar dags. 11.2.2002.

Samþykktin hljóðar svo:

Læknadeild Háskóla Íslands hefur undanfarin ár unnið markvisst að upptöku inntökuprófa við deildina. Samhliða samningu reglna var unnið að kynningu málsins með fundarhöldum og gegnum fjölmiðla. Háskólaráð samþykkti síðan tillögur læknadeildar 8. nóvember síðastliðinn.

Nokkur gagnrýni hefur komið fram frá ákveðnum hópi stúdenta þar sem því er haldið fram að inntökuprófin séu lítt undirbúin og að reglum varðandi þau hafi verið breytt eftir að þær voru settar. Þessu hefur verið alfarið hafnað af hálfu Háskóla Íslands og af Félagi læknanema.

Nær allir aðilar sem hafa tjáð sig um inntökuprófin, nemendur sem kennarar og stjórnendur framhaldsskóla telja þau stórt skref fram á við. Samning prófsins er í fullum gangi í samstarfi við kennara framhaldskólanna og var áætlað að því yrði að fullu lokið í maí 2002.

Á árlegum fundi sem haldinn var með stjórnendum framhaldsskóla mánudaginn 11. febrúar 2002 kom fram að framhaldsskólarnir hafi ekki náð að aðlagast breyttum aðstæðum nægjanlega vel og kom fram eindregin ósk um að inntökuprófin kæmu ekki að fullu til framkvæmda fyrr en vorið 2003.

Stjórn læknadeildar hefur, að höfðu samráði við yfirstjórn Háskóla Íslands, samþykkt fyrir sitt leyti að taka tillit til þessara óska stjórnenda framhaldsskólanna og verður inntökuprófið því tekið upp í tveimur áföngum. Fyrirhugaðar breytingar á námsefni 1. árs koma til framkvæmda eins og áætlað var og verður prófað úr því námsefni á samkeppnisprófi í desember 2002. Auk þess verður þá einnig prófað úr almennri þekkingu, siðfræði og nálgun vandamála eins og áætlað er að gera á inntökuprófunum. Þetta fyrirkomulag verður kynnt á heimasíðu læknadeildar og í kennsluskrá háskólans, eins og venja er. Vorið 2003 verða inntökupróf haldin samkvæmt þeim reglum sem gilda um inntökupróf við læknadeild Háskóla Íslands.

Málið var rætt og svaraði Stefán framkomnum spurningum og athugasemdum. Að umræðu lokinni lagði rektor fram eftirfarandi tillögu:

Fyrirhuguðum inntökuprófum í læknadeild verði frestað um eitt ár í samræmi við tillögu læknadeildar 11. febrúar 2002.

- Samþykkt einróma.

Fleira var ekki gert
Fundi slitið k. 9.25